



Akureyrarbær



Ársskýrsla Akureyrarbæjar 2021

Stjórnsýslusvið



Stjórnsýslusvið

Stjórnsýslusvið veitir ýmsa ytri og innri þjónustu sem og stoðþjónustu við önnur svið sveitarfélagsins. Á sviðinu eru reknar þrjár deildir; launadeild, mannauðsdeild og upplýsinga- og þjónustudeild. Innan sviðsins er sinnt launa- og kjaramálum, mannauðsmálum og skjalamálum sveitarfélagsins auk þjónustu og upplýsingagjafar til bæjarstjóra, bæjarfulltrúa, ráða og nefnda, bæjarbúa, fyrirtækja, stofnana, stjórnenda og annarra starfsmanna. Stjórnsýslusvið er leiðandi hvað varðar umbætur á sviði gæðamála og rafrænnar stjórnsýslu og þjónustu.


Launþegar og stöðugildi

Fjöldi launþega hjá Akureyrarbæ á árinu 2021 var 3.467 þar af voru karlar 1.466 eða 42%, konur 1.997 eða 58% og kynsegin 1.


Fjöldi stöðugilda hjá Akureyrarbæ í apríl 2021 var 1.505. Mynd 1 sýnir fjölda stöðugilda innan sviða í apríl 2021. Flest stöðugildi eru á fræðslusviði (736) en næst á eftir eru velferðarsvið (296) og Öldrunarheimili Akureyrar (203). Frá 1. maí 2021 tók Heilsuvernd við rekstri Öldrunarheimila Akureyrar.



MYND 1 – FJÖLDI STÖÐUGILDA INNAN SVIÐA 2021



MYND 2 – KYNJAHLUTFALL INNAN SVIÐA 2021




Mynd 2 sýnir hvert kynjahlutfall starfsmanna var innan sviða í apríl 2021. Á myndinni má sjá að innan samfélagssviðs er hlutfall karla og kvenna næst því að vera jafnt eða um 49% karlar og 51% konur. Því næst er velferðarsvið með um 40% karla og 60% konur og skipulagssvið með 60% karla og 40% konur. Töluverður munur er á kynjahlutfalli innan annarra sviða. Mestur er munurinn hjá Öldrunarheimilum Akureyrar þar sem um 9% eru karlar og 91% konur, því næst er umhverfis- og mannvirkjasvið með rúm 86% karla og tæp 14% konur og fræðslusvið með um 18% karla og 82% konur.

Mynd 3 sýnir fjölda stöðugilda eftir mánuðum. Frá maí og fram í september fjölga stöðugildum vegna ráðningar starfsmanna í sumarafleysingar, vinnuskóla og atvinnuátaksverkefni.

Skönnunarverkefni launadeildar hélt áfram á árinu. Yfir sumarið voru ráðnir fjórir starfsmenn í tvo og hálfan mánuð á vegum atvinnuátaks fyrir námsmenn í samvinnu við Vinnumálastofnun og í október voru ráðnir tveir starfsmenn til sex mánaða í samstarfi við Vinnumálastofnun.

MYND 3 – FJÖLDI STÖÐUGILDA EFTIR MÁNUÐUM







Birtar atvinnuauglýsingar og umsóknir um auglýst störf

Birtar atvinnuauglýsingar á árinu 2021 voru 260 sem er fjölgun frá fyrra ári.

MYND 4 – FJÖLDI BIRTRA ATVINNUAUGLÝSINGA ÁRIN 2018-2021




MYND 5 – FJÖLDI BIRTRA ATVINNUAUGLÝSINGA EFTIR MÁNUÐUM 2018 - 2021




Fjöldi umsókna um auglýst störf árið 2021 var 5.177 og er það töluverð fækkun frá fyrra ári þegar þær voru 7.247.

Fjöldi umsókna innan mánaða árið 2021 má sjá á mynd 7 ásamt fjölda umsókna innan mánaða samanburðarín 2018-2020.

MYND 6 – FJÖLDI UMSÓKNA ÁRIN 2018-2021




MYND 7 – FJÖLDI UMSÓKNA INNAN MÁNUÐA ÁRIN 2018-2021



Fjöldi umsókna um Vinnuskólann árið 2021 var 659. Mynd 8 sýnir fjölda umsókna í Vinnuskóla innan aldurshópa og eftir kyni sem og umsóknir í sumarvinnu með stuðningi eftir kyni.

MYND 8 – FJÖLDI UMSÓKNA UM VINNUSKÓLA INNAN ALDURSHÓPA OG SMS 2021 EFTIR KYNI



Þjónustugátt

Mikil áhersla er lögð á að bæta rafræna stjórnsýslu Akureyrarbæjar og auðvelda íbúum og öðrum sem skipta við bæinn að senda inn erindi og fá afgreiðslu sinna mála og gegnir þjónustugáttin þar stóru hlutverki.

Þjónustugáttin hefur þróast jafnt og þétt frá því hún var tekin í notkun á heimasíðu bæjarins í maí 2017. Í upphafi hét hún íbúagátt en heitinu var breytt í þjónustugátt síðla árs 2019. Þjónustugátt lýsir betur en fyrri nafn tilgangi og eiginleikum síðunnar. Hún er fyrst og fremst þjónustuvæði fyrir íbúa en einnig fyrir alla þá sem sækja þjónustu eða eiga í viðskiptum við Akureyrarbæ burt séð frá búsetu. Í þjónustugáttinni geta bæjarbúar og lögaðilar notað íslykil eða rafræn skilríki til innskráningar og sótt þar rafrænt um ýmsa þjónustu á vegum bæjarins, fylgst með afgreiðslu erinda sinna, sent inn gögn og mótttekið gögn frá bænum. Auk þess er þar meðal annars hægt að sjá álagningarseðil fasteignagjalda og reikninga sem viðkomandi hefur sent Akureyrarbæ eða mótttekið frá honum. Þjónustugáttin styrktist enn í sessi á árinu 2021 og stöðugt bætist við það sem hægt er að sækja um og afgreiða í gegnum gáttina. Tafla 1 sýnir fjölda umsóknarforma í þjónustugátt í árslok árin 2017-2021 og hvernig þau skiptast á milli sviða.

TAFLA 1 – FJÖLDI UMSÓKNARFORMA Í ÞJÓNUSTUGÁTT Í ÁRSLOK 2017-2021

	2017	2018	2019	2020	2021
Búsetusvið*	3	3	6	6	
Fjársýslusvið	3	3	7	10	9
Fjölskyldusvið*	3	11	11	13	
Fræðslusvið	0	0	8	8	29
Samfélagssvið	4	6	10	11	11
Skipulagssvið	1	1	30	31	32
Stjórnsýslusvið	1	11	13	20	21
Umhverfis- og mannv. 4		6	7	8	7
Velferðarsvið					19
Öldrunarheimili Ak.**	1	1	1	1	
Heildarfjöldi	20	42	93	108	128

* Búsetusvið og fjölskyldusvið sameinuðust í velferðarsvið í upphafi árs 2021.

** Rekstur Öldrunarheimila Akureyrar færðist frá bænum í upphafi árs 2021.

Fjöldi umsókna/erinda sem bárust í gegnum gáttina fór úr 21 árið 2017, í 1.212 árið 2018, 2.192 árið 2019, 5.866 árið 2020 og 8.461 árið 2021. Sjá má fjölda og dreifingu umsókna eftir sviðum í töflu 2.

TAFLA 2 – FJÖLDI UMSÓKNA/ERINDA Í ÞJÓNUSTUGÁTT 2017-2021

	2017	2018	2019	2020	2021
Búsetusvið	2	16	88	235	
Fjársýslusvið	2	16	37	122	425
Fjölskyldusvið	0	253	155	858	
Fræðslusvið	0	0	235	291	810
Samfélagssvið	0	62	205	437	467
Skipulagssvið	0	0	30	1.681	3.008
Stjórnsýslusvið	5	838	1.370	2.089	2.062
Umhverfis- og mannvirkjasvið	12	25	65	130	201
Velferðarsvið					1.457
Öldrunarheimili Akureyrar	0	2	7	23	
ÖLL SVIÐ	21	1.212	2.192	5.866	8.461





Akureyrarbær

Þetta skjal er hluti af ársskýrslu Akureyrarbæjar 2021, aðra hluta má sjá á vef Akureyrarbæjar akureyri.is undir Stjórnkerfi > Útgefið efni > Ársskýrslur

Útgefandi: Akureyrarbær 2022

Ritstjórn: Ragnar Hólm Ragnarsson

Yfirlstur og prófarkir: Brynja Björk Pálsdóttir og Ragnar Hólm Ragnarsson

Ljósmyndir: María Helena Tryggvadóttir

Mynd af bæjarstjóra: Daníel Starrason

Hönnun og umbrot: Blek hönnunarstofa, blekhonnun.is